

Fundargerð framkvæmdastjórnar KGRP

Þriðjudaginn 9. janúar var fyrsti fundur ársins 2024 haldinn í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkur. Fundurinn hófst kl. 8:00 í Fossvogi. Mætt voru: Egill Heiðar Gíslason formaður, Kristján Guðmundsson meðstjórnandi, Emilía G. Svavarsdóttir meðstjórnandi, Bryndís Malla Elíadóttir og Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri. Formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Lykiltölur og rekstur
3. Áætlun 2024 til samþykktar
4. Líkhúsmál
5. Fundartími og dagskrá ársins
6. Önnur mál

1. Lögð var fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
2. Kynntar voru lykiltölur úr rekstri fyrstu 11 mánuði ársins ásamt tölfræði ársins 2023. Rekstrartap fyrstu 11 mánuði ársins voru liðlega 80 milljónir en var um 44 milljónir árið áður. Kistugrafir voru 504 á árinu 2023 en 553 á árinu 2022. Fjöldi jarðsetninga á duftkerjum var 726 en 765 á árinu 2022. Bálforum fjölgaði hins vegar um 6% eða úr 1.107 á árinu 2022 í 1.173 árinu 2023. Bálforum heldur því áfram að fjölga og eru nú um 60% af jarðsetningum á Höfuðborgarsvæðinu.
3. Framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsáætlun næsta árs og horfur fyrir næstu ár. Megináhersla næsta árs er að rekstur verði að mestu sjálfbær. Líkur eru á að tekjur muni hækka um 10% á árinu 2024 en þær standa nánast í stað á milli áranna 2022 og 2023. Lögð er áhersla á að ljúka að mestu framkvæmdum á lóð við nýtt þjónustuhús í Kópavogi auk þess sem stígar og götur í kirkjugörðum verða lagfærðir og malbikaðir. Einnig er gert ráð fyrir viðhaldi á kirkju og öðrum fasteignum í Fossvogi. Gert er ráð fyrir jákvæðu sjóðsflæði á árinu. Áætlun ársins 2024 var samþykkt.
4. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu líkhúsmála. Umræður.
5. Farið var yfir fundardagskrá ársins. Fundað verður að jafnaði annan þriðjudag í hverjum mánuði kl. 8. Næsti fundur verður þó þriðjudaginn 20. febrúar og gert er ráð fyrir aðalfundur verði haldinn mánudaginn 13. maí næst komandi.
6. Ekki voru bókuð nein önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 10.

Egill Heiðar Gíslason
Emilía G. Svavarsdóttir
Kristján Guðmundsson
Ingvar Stefánsson
Bryndís M. Malla